

Sveitarfélagið Árborg

Anton Kári Halldórsson, skipulagsfulltrúi



Austurvegi 2

800 Selfoss


Reykjavík, 25. ágúst 2022.

Ósk um leyfi fyrir endurheimt votlendis í landi Árborgar, Friðland í Flóa.

Fuglavernd Íslands og Votlendissjóður hafa gert með sér samning um endurheimt votlendis í Friðlandinu Flóa í sveitarfélaginu Árborg. Landsvæðið er í eigu Árborgar. Markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum er að skapa betra búsetuskilyrði fyrir fugla og á sama tíma binda kolefni.



Ljósbláu línurnar sýna skurði sem fyrirhugað er að fylla upp í. Svarta línan sýnir skurð sem eftir er að meta hvort ástæða er að moka í.



Votlendissjóður óskar eftir leyfi sveitarfélagsins (framkvæmdarleyfi) að loka gömlum skurðum sem liggja vestan við og sunnan við Óseyraveg. Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki nein áhrif á tún nágrannajarða eða önnur mannvirki. Sýnileiki framkvæmdanna verður mjög lítill eftir að skurðbakkarnir gróa upp. Umhverfisáhrif framkvæmdanna verða jákvæð m.t.t. umhverfissjónarmiða enda er verið að binda kolefni. Framkvæmdin er í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda um kolefnisbindingu.

Virðingarfyllt,

Einar Bárðarson,
framkvæmdarstjóri Votlendissjóðs